



Alþingi
Erindi nr. P 139/2785
komudagur 26.5.2011

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. allsherjarnefndar

Reykjavík 26. maí 2011

Austurstræti 8 – 10
150 REYKJAVÍK

1011010SA TP
Málalykill: 401

Efni: Frv. til laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili – 706. mál

Allsherjarnefnd Alþingis hefur nú til meðferðar ofangreint þingmál, sbr. tölvupóst nefndasviðs Alþingis, dags. 29. apríl sl.

Svo sem sjá má af umsögnum er borist hafa, ríkir almenn sátt um meginefni frumvarpsins. Sérstaklega hafa barnaverndarnefndir í nokkrum sveitarfélögum fagnað framkomnu frumvarpi og lýst yfir stuðningi við það út frá sjónarmiðum um vernd fjölskyldulífs.

Sambandið tekur undir þá afstöðu en vill hins vegar benda á að í umsögn Ríkislögreglustjórans, frá 23. maí 2011, er gerð tillaga um nýja málsgrein í 16. gr. frv. Er tillagan á þá leið að félagsþjónusta í viðkomandi sveitarfélagi skuli útvega manni húsaskjól sem vísað er af heimili sínu eða dvalarstað, enda hafi hann ekki í önnur hús að venda.

Verði tillaga þessi að lögum er ljóst að verið er að auka við lögbundnar skyldur félagsþjónustu sveitarfélaga, umfram það sem leiðir af gildandi lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Við undirbúning frumvarpsins benti sambandið sérstaklega á, að eðlilegast væri að hlutaðeigandi réttarvörsluaðili tryggði framfærslu manns, húsaskjól og viðurværi meðan á brottvísun stæði, með hliðstæðum hætti og gildir um refsivist.

Þessu sjónarmiði var sérstaklega komið á framfæri við velferðarráðuneytið með bréfi dags. 12. janúar sl. (sjá hjálagt afrit) og tekið fram að ef uppi væru áform um að leggja lögbundna skyldu á sveitarfélög í þessu efni myndi það varða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og þurfa umræðu á þeim grundvelli. Ráðuneytið svaraði bréfi sambandsins ekki sérstaklega.

Óhægt er um vik að segja fyrir um það hversu oft brottvísun verði beitt. Hins vegar er viðbúið að í stærstu sveitarfélögum geti fjöldi mála og tímalengd ákvörðunar leitt til þess að koma þurfi upp sérstöku húsnæði með tilheyrandi kostnaði. Það er ekki ásættanlegt að slíkar skyldur séu lagðar á sveitarfélögin að algerlega óathuguðu máli, eða þannig að tekin sé afstaða til þess – að minnsta kosti – hvaða þátt lögregluembætti taki í kostnaði sem óhjákvæmilega leiðir af ákvörðunum þeirra um frelsissviptingu einstaklings.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs

Velferðarráðuneytið

Reykjavík 12. janúar 2011

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
150 REYKJAVÍK0911050SA TP
Málalykill: 011**Efni: Lögleiðing þess að maður sem beitt hefur ofbeldi á heimili sínu verði fjarlægður þaðan**

Vísað er til bréfs félags- og tryggingamálaráðuneytisins, dags. 17. desember sl., þar sem vakin er athygli á vinnu sem nú stendur yfir við innleiðingu svonefndrar austurrískrar leiðar, í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar.

Fulltrúar sambandsins hafa tekið þátt í starfi nefndar, sem félags- og tryggingamálaráðherra skipuð var um mitt ár 2010, til þess að gera tillögu að áætlun um aðgerðir stjórnvalda gegn kynbundnu ofbeldi. Samkvæmt skipunarbréfi skal nefndin leggja áherslu á samhengi kynbundinna ofbeldisbrota og meðferðar þeirra í réttarvörslukerfinu. Í því sambandi hefur sérstaklega verið rætt um hvernig réttarvörsluaðilar eigi að bregðast við, þegar maður verður uppvís að því að beita ofbeldi á heimili sínu. Er margt sem bendir til að í því efni þurfi bæði að skapa ný úrræði og styrkja þá vinnu sem þegar fer fram af hálfu opinberra aðila.

Nefndin er enn að störfum og hefur ekki lokið við að móta tillögur sínar. Þeir sem komið hafa að nefndarstarfinu af hálfu sveitarfélaganna styðja að nefndin geri tillögu um það hvernig standa eigi að innleiðingu á austurrísku leiðinni. Jafnframt er áréttað að jafnafrifarík úrræði, og felast í þeirri leið, verða ekki lögfest án þess að tekin sé nákvæm afstaða til þess hvaða réttarstöðu brotamaður skuli njóta á meðan honum er meinað að dvelja á heimili sínu.

Að áliti sambandsins er eðlilegt, og í samræmi við meginreglur um opinbera réttarvörslu, að það stjórnvald sem tekur ákvörðun um frelsisskerðingu, standi straum af því sem óhjákvæmilega leiðir af slíkri réttindasviptingu. Í því fælist að útvega brotamanni gistiðstöðu eða húsnæði til skemmri eða lengri tíma. Ljóst er einnig að í þeim tilvikum þar sem skert aflahæfi leiðir af frelsissviptingu, t.d. vegna þess að heimili manns er jafnframt vinnustaður hans, stendur það fyrst og fremst upp á hlutaðeigandi réttarvörsluaðila að tryggja framfærslu manns og viðurværi, með hliðstæðum hætti og gildir um refsivist.

Lögð er áhersla á að það getur ekki talist lögbundið hlutverk félagsþjónustu sveitarfélaga að útvega brotamanni húsnæði eða aðra aðstoð sem leiðir beint af þeirri réttindaskerðingu sem hann sætir. Skylda í því efni verður hvorki leidd af markmiðsákvæðum laga nr. 40/1991, né efnisákvæðum um rétt einstakra hópa til aðstoðar. Áréttað er að ef áform eru um breytingar í því efni varða þær verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og myndu þurfa umræðu sem slíkar.

Jafnframt er tekið skýrt fram að þegar úrræðum í þágu réttarvörslusjónarmiða sleppir, stendur umræddum einstaklingum að sjálfsgöðu til boða aðstoð félagsþjónustu með sama hætti og öðrum íbúum sveitarfélaga og að teknu tilliti til þess félagslega vanda sem við er að etja. Sérstaklega á þetta við um félagslega ráðgjöf skv. V. kafla laga nr. 40/1991 en auk þess getur komið til aðstoð ef ofbeldishneigð er samvinnuð öðrum vanda, t.d. misnotkun áfengis, sbr. 50. gr. laganna.

Sérhæfð meðferð við ofbeldishneigð telst hins vegar til þriðja stigs þjónustu, sem viðtekið er að ríkið standi straum af. Þessi þjónusta hefur á undanförunum árum verið veitt undir merkjum átaksins „Karlar til ábyrgðar“.

Samband íslenskra sveitarfélaga styður eindregið að átakið verði starfrækt áfram og skorar á ráðuneyti að tryggja áframhaldandi fjárveitingar til þess vegna ársins 2011.

Jafnframt verði sveitarfélög hvött til þess að hafa átakið sérstaklega í huga við sína stefnumótun. Akureyrarbær hefur þegar haft forgöngu í þessu efni eins og fram kemur í *Aðgerðaráætlun gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum*, sem bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti þann 27. apríl 2010. Segir í 6. lið áætlunarinnar að bærinn muni kanna hvort mögulegt og raunhæft sé að koma á fót úrræði á Akureyri fyrir gerendur sem beitt hafa konur og börn ofbeldi.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Samrit:
Innanríkisráðuneytið

Afrit:
Akureyrarbær – Guðrún Sigurðardóttir framkvæmdastjóri fjölskyldudeildar
Karlar til ábyrgðar – Ingólfur V. Gíslason verkefnisstjóri
Jafnréttisstofa – Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra